

Mál nr. 110/2006

M og

Vátryggingafélagið V h.f. vegna sjúkra- og slysatriyggingar

Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúkra- og slysatriyggingu vegna sárs sem málskotsaðili hlaut 26.9.2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.6.2006. ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 15.6.2006 ásamt áverkavottorði dags. 25.1.2005.

Málsatvik.

M gerir kröfu um bætur úr sjúkra- og slysatriyggingu sinni hjá V vegna sárs sem hann hlaut þ.26.9.2004 eftir því sem næst verður komist en málavaxtalýsing málsaðila er ónákvæm. M var handtekin af lögreglu kl. 14.56 þ. 25.9.2004 og settur í fangageymslu en látinn laus þ. 26.09 s.á. kl. 07.50. Samkvæmt áverkavottorði segir M að nokkrir menn hafi ráðist á sig um kvöldið og veitt honum líkamsáverka en niðurstaða læknis að um legusár sé að ræða á hægri olnboga. Í læknisvottorði frá 4.1.2006 segir að ekki sé hægt að fullyrða neitt um tildrög áverkanna sem leiddu til taugaskaðans. Þegar M var handtekinn var áfengismagn í blóði hans 2.24 prómill. M krefst bóta úr sjúkra- og slysatriyggingu hjá V. og telur einsýnt að þann tíma sem M var vistaður hjá lögreglu hafi hann ekki sofið djúpum áfengissvefni auk þess sem hann hafi farið tvívegis á salerni er helst á máltilbúnaði lögmanns M að skilja að M geti af þar tilgreindum ástæðum ekki hafa hlotið legusár þann tíma sem hann var í vörslu lögreglu. V hafnar bótaskyldu og vísar til áverkavottorðs og þeirra sjónarmiða sem þar koma fram og telur V að sár M séu legusár og stafi af ölvunarástandi hans.

Álit.

Að virtum öllum fyrirbyggjandi gögnum og máltilbúnaði rennir ekkert stoðum undir það að M eigi rétt á bótum úr sjúkra og slysatriyggingu hjá V. M á því ekki rétt á bótum úr sjúkra og slysatriyggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkra og slysatriyggingu hjá V.

Reykjavík 4.7.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Sigmar Ármannsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.